

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 19. ágúst 2024
Málsnúmer: 202408-0011
IAS

Efni: Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Borgarness.

Vísað er í erindi frá Borgarbyggð, dagsett 12. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Borgarness.

Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina uppbyggingarmöguleika á núverandi íþróttasvæði í Borgarnesi ásamt því að samræma íþróttasvæðið og tengda starfsemi undir eitt skipulag. Skilgreind er lóð undir núverandi íþróttahús og mögulega stækkun þess ásamt lóð fyrir knattús. Það land sem lóð ungmennasambands Borgarfjarðar stendur á var áður á deiliskipulagi skólasvæðisins en mun hér eftir tilheyra deiliskipulagi íþróttasvæðisins. Landfylling er auk þess áætluð á skipulagssvæðinu til þess að gera framtíðarstækkun íþróttasvæðisins mögulega en það liggur að mestu að sjó.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um vinnslutillögu deiliskipulagsins fyrr á þessu ári.

Áætluð landfylling er 0,5 ha að stærð og staðsett á svæði þar sem í dag er náttúrleg strandlína innan svæðis sem tilnefnt var af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjakrár vegna mikilvægra fjöruvistgerða og fuglalífs. Að minnsta kosti 13.000 m³ þarf í landfyllinguna og verður efnið fengið úr skilgreindum námum í sveitarfélaginu. Þó áætluð landfylling sé ekki stór er líklegt að hún muni valda raski á fjöruvistgerðum í Borgarvogi og er mikilvægt að lagt verði mat á hversu mikið það rask verður og fjallað um hvernig hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum landfyllingarinnar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

